Reykjavík, 29. október 2026

FAS26100019

1210

Borgarráð

Tillaga um stofnun varúðarsjóðs

Lagt er til að stofnaður verði varúðarsjóður í efnahag A-hluta Reykjavíkurborgar. Í sjóðnum verði varðveitt laust fé til að mæta verulegum efnahags- og rekstrarlegum áföllum. Hlutverk sjóðsins er að styrkja lausafjárstöðu borgarsjóðs, stuðla að því að borgin geti staðið við skuldbindingar sínar og viðhaldið sjálfbæru fjárfestingastigi þrátt fyrir áföll. Varúðarsjóðurinn er tæki til áhættustýringar og verði ekki nýttur til að standa undir viðvarandi rekstrarvanda eða varanlegri aukningu rekstrarútgjalda. Nýting hans komi ekki í stað nauðsynlegra ákvarðana um forgangsröðun eða endurskipulagningu rekstrar.

Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra reglur um stærð, uppbyggingu, varðveislu og ávöxtun sjóðsins, skilyrði fyrir úttektum og enduruppbyggingu eftir nýtingu. Reglurnar verði lagðar fram til samþykktar sem hluti af fjárstýringarreglum Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Stofnun varúðarsjóðs er liður í að styrkja fjárhagslega sjálfbærni til lengri tíma og auka getu borgarsjóðs til að mæta efnahagslegum sveiflum og áföllum. Tillagan byggist á endurskoðaðri fjármálastefnu Reykjavíkurborgar, þar sem gert er ráð fyrir að bæði óúthlutuðu rekstrarsvigrúmi í fjárhagsáætlun, svonefndum varasjóði í rekstri, og sérstökum varúðarsjóði í efnahag.

Þessar varnir gegna ólíkum en samverkandi hlutverkum. Varasjóður í rekstri felst í óúthlutuðum fjárheimildum innan árlegrar fjárhagsáætlunar til að mæta forsendubresti og frávikum í helstu tekju- og gjaldaliðum sem næmir eru fyrir breytingum í ytra umhverfi. Markmiðið er að stuðla að stöðugleika og aga í áætlanagerð og skapa svigrúm til viðbragða þannig að fjárhagslegir mælikvarðar haldi.

Varúðarsjóðurinn byggist hins vegar á uppsöfnuðum fjármunum og gegnir hlutverki lausafjárvarnar við veruleg áföll. Hann styrkir getu borgarsjóðs til að standa við skuldbindingar sínar og viðhalda sjálfbæru fjárfestingarstigi þegar greiðsluflæði veikist eða aðgengi að fjármögnun skerðist. Sjóðnum er jafnframt ætlað að mæta fjárhagslegum áhrifum á borgarsjóð vegna áfalla í rekstri B-hluta fyrirtækja og skuldbindinga tengdum þeim. Nýting varúðarsjóðs tryggi lausafé en komi ekki í stað viðbragða við versnandi

Reykjavík

afkomu eða frávikum frá fjárhagslegum viðmiðum. Hann verði aðgreindur frá öðrum fjármunum sem ætlað er til daglegrar lausafjárstýringar.

Þessi nálgun samræmist umfjöllun OECD um stjórnun fjárhagslegrar áhættu, þar sem fjallað er um bæði svigrúm innan fjárhagsáætlana og uppsafnaða sjóði til að mæta áföllum. Þar er lögð áhersla á áhættumat og álagspróf við mótun fjárhagslegra varna, ásamt skýrri ábyrgð, ráðstöfunarheimildum og eftirfylgni. Lausafjárstaða er jafnframt mikilvægur þáttur í lánshæfismati sveitarfélaga. Sterkur varúðarsjóður, þar sem þess er gætt að ábati sé meiri en kostnaður, ætti að öðru óbreyttu, að stuðla að bættum fjármögnunarkjörum Reykjavíkurborgar og hafa jákvæð áhrif á lánshæfi fyrirtækja hennar.

Stærð og umgjörð sjóðsins

Stærð sjóðsins skal taka mið af þeim áhættum sem honum er ætlað að verja samkvæmt mögulegum sviðsmyndum. Lagt er til að sjóðurinn sé byggður upp á næstu árum og að stærð hans ráðist af kostnaðar- og ábatagreiningu af því að geta staðist sérhverja mögulega sviðmynd áfalla. Við ákvörðun stærðar sjóðsins skal horfa til fórnarkostnaðar á hverjum tíma og ábatanum af því að binda fjármuni til að mæta mögulegum áhættum. Í ljósi sögunnar er ljóst að ábati af varúðarsjóði, sem felst í stórauknu rekstraröryggi, getur verið verulegur. Umfram þann ábata er jafnframt ábati af því að binda óvæntar óreglulegar tekjur í slíkum sjóði fremur en að ráðstafa þeim í aukin útgjöld.

Setja skal áætlun um uppbyggingu sjóðsins og skýrar reglur um framlög til hans. Lagt er til að árlega renni í sjóðinn hluti arðgreiðslna og annarra óreglulegra tekna, þar á meðal söluandvirðis eigna og eignarhluta. Hlutföll og nánari skilyrði verði ákveðin í reglum um sjóðinn.

Reglur um varðveislu og ávöxtun fjármuna sjóðsins skulu vera í samræmi við sveitarstjórnarlög og aðrar viðeigandi lagaheimildir. Forsendur um ávöxtun verði varfærnar og tekið tillit til mótaðilaáhættu, takmarkana á ráðstöfun og mögulegrar verðrýrnunar. Úttektarreglur skulu tryggja að einungis sé gengið á sjóðinn við fyrirfram skilgreindar aðstæður og að heimild til úttektar verði bundin við að eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða séu uppfyllt.

- A-hluti verði fyrir verulegu tekjufalli eða ófyrirséðum útgjöldum vegna ytri aðstæðna sem skerða lausafjárstöðu borgarsjóðs og getu hans til að standa við skuldbindingar eða viðhalda sjálfbæru fjárfestingastigi.
- Áföll á fjármagnsmörkuðum skerði aðgengi Reykjavíkurborgar að fjármögnun þannig að nýta þurfi sjóðinn til að standa við gjaldfallandi skuldbindingar.
- B-hluta fyrirtæki verði fyrir verulegu áfalli sem kalli á tímabundinn stuðning borgarinnar til að fyrirtækið geti staðið við skuldbindingar sínar. Stuðningurinn byggist á sérstöku mati á nauðsyn, umfangi og skilyrðum hans og eftir því sem við á aðgerðum til að tryggja rekstrarhæfi fyrirtækisins.

Við mat á úttekt skal taka mið af öðrum tiltækum úrræðum, þar á meðal aðgerðum í rekstri og lántökugetu innan samþykktra skuldaviðmiða. Ekki verði þó gerð krafa um að

lántökugeta sé fullnýtt áður en sjóðurinn er nýttur, heldur verði val á úrræðum byggt á mati á greiðslugetu, kostnaði og áhættu. Varúðarsjóðurinn verði þannig vörn við alvarlegum áföllum og skapi tíma til að útfæra og innleiða nauðsynleg viðbrögð í rekstri.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Reykjavík